

Ár 2008, miðvikudaginn 16. júlí, kom úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar, sem starfar samkvæmt 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, saman til að kveða upp úrskurð í máli nr. 6/2008:

A

og

B.

Úrskurðinn kveða upp Dögg Pálsdóttir hrl., formaður, Amfríður Einarsdóttir lögfræðingur og sr. Hreinn Hákonarson.

Upp er kveðinn svohljóðandi

## ÚRSKURÐUR:

### 1. MÁLSADILAR

Málshefjandi er A, sbr. erindi hans til úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar dags. 23. apríl 2008. Erindi málshefjanda beinist að B, verkefnisstjóra á Biskupsstofu.

### 2. KRÖFUGERD

Málshefjandi krefst þess að úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar úrskurði að gagnaðili teljist sek um siðferðis- og agabrot í starfi og grípi til viðeigandi úrræða gagnvart henni. Tilfni kvörtunarinnar virðist vera með hvaða hætti gagnaðili brást við bréfi málshefjanda dags. 17. mars 2008 til Biskupsstofu.

### 3. MÁLAVEXTIR

Málavöxtum lýsir málshefjandi svo að hann hafi 17. mars 2008 farið með erindi á Biskupsstofu til C verkefnisstjóra á fræðslusviði. Í ljós hafi komið að C var erlendis í námsleyfi. Málshefjandi segist þá hafa strikað yfir nafn C á bréfinu og skrifað nafn gagnaðila á það þar sem honum hafi verið tjáð að hún gegndi stöðu C í hans fjarveru. Í erindinu segist málshefjandi hafa spurt að því hvort Vinaleiðin væri trúarleg boðun.

Þar sem ekkert svar barst fór málshefjandi með ítrekunarbréf á Biskupsstofu 7. apríl sl. og spurði sömu spurningar og óskaði eftir svári fyrir 14. apríl. Þegar ekkert svar hafði borist 14. apríl fór málshefjandi á fund gagnaðila og ræddi að eigin sögn við hana dágóða stund á Biskupsstofu 15. apríl. Málshefjandi segist hafa ítrekað kröfur sínar og útskýrði af hverju hann þyrfti svar við erindinu. Gagnaðili hefði þá lofað að svara erindinu innan tveggja daga.

Af erindinu til úrskurðarnefndar má ráða að það svar hafi ekki borist, því kvörtuninni beinir hann til nefndarinnar 23. apríl 2008.

#### 4. NIÐURSTAÐA

Í 1. mgr. 12. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar segir að rísi ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða ef starfsmaður þjóðkirkjunnar er borinn sökum um siðferðis- eða agabrot þá geti hver sá sem hagsmuna á að gæta borið málið undir úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar. Úrskurðum nefndarinnar má skjóta til áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar, sbr. 13. gr. sömu laga.

Sérstakar starfsreglur hafa verið settar um úrskurðarnefnd og áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar nr. 730/1998. Samkvæmt 5. gr. starfsreglnanna skal úrskurðarnefndin, þegar beiðni um úrlausn hefur borist henni, meta hvort úrlausnarefnið heyri undir nefndina. Í því felst að meta hvort úrlausnarefnið teljist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi eða hvort um siðferðis- eða agabrot sé að ræða.

Í úrskurði sínum vegna mála 2, 3 og 4/2008 komst áfrýjunarnefnd þjóðkirkjunnar að því að ágreiningur á kirkjulegum vettvangi skyldi telja ágreining innan þjóðkirkjunnar en ekki ágreining milli þjóðkirkjunnar eða einstakra starfsmanna hennar og þeirra sem standa utan hennar. Í siðferðis- og agabroti felist þegar einhver sem hagsmuna á að gæta sakar starfsmann þjóðkirkjunnar um slíkt brot.

Kröfugerð málshefjanda er sprottin af því að hann er ósáttur við það að gagnaðili, sem starfsmaður Biskupsstofu var fyrir 23. apríl sl. ekki búin að svara erindi sem hann sendi þangað 17. mars s.á., þrátt fyrir meint loforð gagnaðila um að svara því eigi síðar en 17. apríl sl.

Óánægja málshefjanda snýr þannig að því hvernig gagnaðili sinnir starfskyldum sínum. Mat á því hvernig starfsmaður Biskupsstofu sinni störfum sínum getur að mati úrskurðarnefndar þjóðkirkjunnar hvorki talist ágreiningur á kirkjulegum vettvangi né er unnt að telja að í erindi málshefjanda felist ásökun um siðferðis- eða agabrot af hálfu viðkomandi starfsmanns, þótt gagnaðili sé af málsaðila borin sökum um slíkt brot.

Þegar af þessum ástæðum telur úrskurðarnefndin að efnisleg umfjöllun um erindi málshefjanda falli ekki undir nefndina.

Úrskurðarnefndin mun þó beina þeim tilmælum til Biskupsstofu að erindi málshefjanda frá 17. mars 2008 verði svarað við fyrstu hentugleika, komi í ljós að það hafi ekki þegar verið gert.

Erindi málshefjanda er vísað frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar.

Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar ákvað að bíða með afgreiðslu erindisins þangað til fyrir lægi niðurstaða áfrýjunarnefndar þjóðkirkjunnar vegna mála nr. 2/2008, 3/2008, 4/2008 og 5/2008. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar vísaði öllum málunum frá nefndinni og málshefjandi skaut þeirri niðurstöðu til áfrýjunarnefndarinnar.


#### Úrskurðarorð:


Vísað er frá úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar kröfu málshefjanda A um að B teljist sek um siðferðis- og agabrot vegna viðbragða hennar við erindi málshefjanda til biskupsstofu dags. 17. mars 2008.

Úrskurði þessum má skjóta til áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga nr. 78/1997 innan þriggja vikna frá því að málsaðilum var tilkynnt um hann.<sup>1</sup>

Reykjavík, 16. júlí 2008.

  
Dógg Pálsdóttir

  
Arnfríður Einarsdóttir

  
sr. Hreinn Hákonarson

<sup>1</sup> Skv. 34. gr. starfsreglna nr. 730/1998 greiða málsaðilar að jafnaði allan kostnað við störf áfrýjunarnefndar. Nefndin getur þó ákveðið að fella málskostnaðinn að hluta til eða öllu leyti á annan málsaðila. Ef telja má sanngjarnt og eðlilegt, eða þyki hagsmunir þeir sem til úrlausnar eru svo mikilvægir eða hafa umtalsverða almenna þýðingu að mati áfrýjunarnefndar, getur nefndin ákveðið að kirkjumálasjóður greiði allan málskostnað.